

Þingflokksfundur Pírata

Mánudaginn 9. apríl 2018, kl. 13:00 - 15:00

Nr. 43/148

Mætt

Fundarstjóri	Eiríkur Rafn Rafnsson (ERR)
Fundarritari	Baldur Karl Magnússon (BKM)
Þingmenn	Björn Leví Gunnarsson (BLG) Halldóra Mogensen (HM) Helgi Hrafn Gunnarsson (HHG) Jón Þór Ólafsson (JPÓ) Álfheiður Eymarsdóttir (ÁE) Olga Margrét Cilia (OMC)

Forföll Smári McCarthy (erlendis vegna þingstarfa)
Þórhildur Sunna Ævarsdóttir (erlendis vegna þingstarfa)

Aðrir fundargestir Oktavía Hrund Jónsdóttir (OHJ) varaþingmaður
Rúnar Björn Herrera (RBH) f. Pírata í Reykjavík

Fundargerð

1. Þingstörfin framundan

Mánudagur 9. apríl

HM hyggst ræða við félags- og jafnréttismálaráðherra í óundirbúnum fyrirspurnum um börn og unglina með fíknivanda. Til vara hyggst BLG ræða við forsætisráðherra um svör fjármálaráðherra um siðareglur.

HHG hyggst taka þátt í sérstakri umræðu um smálán. JPÓ hyggst taka þátt í sérstakri umræðu um dreifingu ferðamanna um landið.

Þriðjudagur 10. apríl

Þingvakt skipulögð.

2. Bréf þingflokksformanns

Bréf af fundi þingflokksformanna með forseta. Umræða um þingstörf vikunnar, þingmannamál til afgreiðslu og þingstörf næstu viku.

3. Bréf úr forsætisnefnd

JPÓ gagnrýndi einhliða breytingar á starfsáætlun.

Fjallað um birtingar á upplýsingum um kostnaðargreiðslur þingmanna aftur í tímann.

Fjallað um að laga tæknihið við skráningu í störf þingsins.

4. Bréf úr nefndum

Þingmenn gerðu grein fyrir stöðu mála í nefndum.

5. Nefnd um endurskoðun stjórnarskrár

HHG brífaði um stöðu mála í nefnd um stjórnarskrá. Lagt til að halda sérstakan þingflokksfund um endurskoðun stjórnarskrár.

6. Ný reglugerð um útlendinga (HHG)

Umræða um nýja reglugerð um útlendinga og beitingu Dyflinarreglugerðar. BKM mun bóka fund með OMC, BLG, HHG um málið.

7. Málþing um endómetríósu og unglina (HHG)

Boð um þátttöku í málþingi um endómetríósu 11. apríl frá kl. 16:15 til 18:00. Enginn þingmaður hafði tök á að mæta og var ákveðið að ERR myndi senda boð á varaþingmenn flokksins.

8. Önnur mál

- *Upplýsingabeiðni frá framkvæmdaráði vegna tilnefninga í nefndir og stjórnir á vegum ríkisins*

Ósk um upplýsingar frá framkvæmdaráði og grasrót um birtingu upplýsinga um skipanir í nefndir og ráð.

ERR gerir uppkast að svari og ósk um lausnir á því sem betur má fara og ber undir þingflokk. Einnig mun ERR fara yfir eldri fundargerðir og aflétta tímabundnum trúnaði þar sem það er hægt.